



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/64
komudagur 18.11.2005

17. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 7. nóvember 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, 5. mál.

Í fylgiskjölum með þingsályktunartillögunni er endurprentað efni úr *Peningamálum* Seðlabanka Íslands. Næsta hefti *Peningamála* verður gefið út föstudaginn 2. desember nk. Í því verða ný verðbólgu- og þjóðhagsspá Seðlabankans auk itarlegrar greiningar á framvindu og horfum í þjóðarbúskapnum almennt.

Í þingsályktunartillögunni er þeim tilmælum beint til Seðlabanka Íslands að ihuga vandlega að beita aukinni bindiskyldu hjá innlánsstofnunum, a.m.k. tímabundið, til að draga úr þenslu á peningamarkaði og huga að öðrum aðgerðum sem stutt geta viðleitni stjórnvalda til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001. Fyrr á árinu brást Seðlabankinn við tilmælum um að hann hækkaði bindiskyldu. Í greinargerð bankans til ríkisstjórnarinnar dags. 18. febrúar 2005 sagði m.a:

„Þeirri skoðun hefur verið varpað fram að hækkun bindiskyldu kynni að vera heppilegri aðgerð en hækkun vaxta til að draga úr framboði lánsfjár. Seðlabankinn er ósammála þessu. Í fyrsta lagi hafa öflugum innlendum fjármálastofnunum opnast ýmsir möguleikar til að víkja sér undan áhrifum aukinnar bindiskyldu. Í öðru lagi kann aukin bindiskylda að koma mjög misjafnlega niður á einstökum lánastofnunum og gæti t.d. komið sérstaklega hart niður á sparisjóðum sem ekki hafa sömu möguleika til að forðast áhrif bindiskyldunnar. Í þriðja lagi sýnir alþjóðleg reynsla að afar erfitt er að sjá fyrir áhrif breytinga á bindiskyldu og afleiðingar fyrir einstakar stofnanir geta verið afdrifaríkar. Það er meginástæða þess að enginn helstu seðlabanka heims notar breytingar á bindiskyldu lengur sem stjórnþæki. Í fjórða lagi eru áhrif breytinga á bindiskyldu á vexti og gengi í stórum dráttum hin sömu og af hækkun stýrivaxta þótt miðlunarferlið kunní að vera með öðrum hætti og koma mismundandi niður á einstökum geirum lána-kerfisins. Í fimmta lagi er breyting á bindiskyldu ógagnsæ aðgerð og áhrif á væntingar ófyrirséð. Komi áhrif vaxtahækkunar fram í minni verðbólguvæntingum dregur það úr kostnaði aukins aðhalds.”

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Í ræðu sinni á ársfundi Seðlabankans 30. mars 2005 áréttaði formaður bankastjórnar þessa afstöðu bankans.

Afstaða Seðlabankans til breytinga á bindiskyldu er óbreytt. Bankinn er sem fyrr þeirrar skoðunar að framlag hans til efnahagslegs stöðugleika felist í að stuðla að stöðugu verðlagi eins og lög kveða á um að hann skuli gera. Til þess hefur hann í meginatriðum aðeins eitt stjórn-tæki, stýrivexti sína, og því mun hann beita í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt.

Í tillögunni til þingsályktunar er jafnframt lagt til að farið verði yfir aðferðir við mælingar á þróun verðlags og athugað sérstaklega hvernig vænlegast sé að meta húsnæðiskostnað í vísitölu neysluverðs. Seðlabankinn tjáði sig m.a. um þetta í fyrsta hefti *Peningamála* 2005. Þar sagði m.a.:

„Eins og fram kemur í greinargerð Seðlabankans til ríkisstjórnarinnar er Seðlabankinn eindregið þeirrar skoðunar að húsnæðiskostnaður eigi áfram að vera þáttur í þeirri verðvísitölu sem verðbólgu markmiðið miðast við og að aðferðafræðin sem notuð hefur verið við mat á húsnæðiskostnaði sé í meginatriðum sú besta sem völ er á. Það helgast af því að húsnæðiskostnaður er mikilvægur þáttur í neyslu einstaklinga. Með því að horfa framhjá verðbreytingum húsnæðis væri því verið að hunsa stóran þátt í útgjöldum einstaklinga.”

Síðar segir:

„Eins og fram kemur í greinargerð Seðlabankans til ríkisstjórnarinnar hefur húsnæðisliður vísitölu neysluverðs þann ákjósanlega eiginleika frá sjónarhóli seðlabanka með verðbólgu markmiði að vera leiðandi vís-bending um almenna verðbólgu síðar meir. Þetta stafar væntanlega af því að húsnæðismarkaðurinn er aðskilinn frá erlendum mörkuðum. Aukinni eftirspurn eftir húsnæði verður því ekki beint út úr þjóðarbúskapnum eins og gildir um ýmsa aðra vöru og þjónustu, né heldur gætir erlendra samkeppni að nokkru marki.”

Að öðru leyti tjáir Seðlabanki Íslands sig ekki sérstaklega um efni þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar



Jón Sigurðsson
bankastjóri